

Reglugjörð

fyrir Strandasýslu um refaeyðingu, notkun upprekstrarlands, fjallskil, rjettahöld og fleira.

59
14. júlí.

1. kafli.

Um eyðingu refa.

1. gr. Fyrir hvert gren, sem finnst og yrðlingar eru í, þegar skotmaður kemur á það, skal greiða 4 krónur í fundarlaun og hæfilega þóknun fyrir að tilkynna hreppsnefndinni eða ráðnum skotmanni, að grenið sje fundið.

Þá er hreppsnefndinni þykir sjerstakar ástæður til þess, hefur hún heimild til að ráða menn til grenjaleita og launa þeim fyrirhöfn sína úr sveitarsjóði; skal skotmaður ávallt vera með í slíkri leit.

2. gr. Í hvert sinn, sem gren finnst, skal tafarlaust tilkynna það hlutaðeigandi hreppsnefnd, sem þá þegar sendir eptir skotmanni, er henni ber að hafa áður útvegað til grenjavinnslu í sveitinni. Öll vanræksla í þessu efni varðar sektum.

3. gr. Fyrir sólarhring hvern, er skotmaður liggur á greni, bera honum 3 krónur í kaup og vökumanni sómuleiðis, sje hann verkfær maður, ella minna; en sjálfir sjái þeir sjer fyrir fæði. — Fyrir fyrra dýrið, sem skotmaður vinnur á greni, fær hann auk þess 4 krónur, en 8 krónur fyrir hið síðara. Fimmtíu aurar greiðast fyrir hvern yrðling, þeim, er nær honum. — Til sannindamerkis skal skotmaður afhenda hlutaðeigandi hreppsnefnd skottin af tóum þeim og yrðlingum, er unnizt hafa á greninu, en hún brennir þau á fundi. Enginn skotmaður á heimting á ofannefndu kaupi nje verðlaunum, nema hann hafi farið á grenið að tilhlutun hlutaðeigandi hreppsnefndar.

4. gr. Ekki skal gjalda skotmanni kaup fyrir að liggja á greni lengur en 3 sólarhringa. En yfirgefi hann gren innan þess tíma án gildra orsaka, hafi hann ekki unnið bæði dýrin, fyrirgjörir hann daglaunum sínum. Eigi skal þó á greni liggja til þess að ná yrðlingum, eptir að dýrin eru unnin, heldur skal eitra fyrir þá og leggur hreppsnefndin til eitrið.

5. gr. Það skal með öllu bannað að rjúfa gren eða spilla þeim á annan hátt, og varðar sektum, ef það er gjört.

Álíti hlutaðeigandi reyndur skotmaður, að það sje hagfelt, skal hreppsnefndin láta gjöra eptir fyrirsögn hans byrgi eða skothús á grenjum þeim, er refir leggja venjulega í.

6. gr. Ef einhver vinnur hlaupatóu á þeim tíma, er skinnin eru ónýt sem verzlunarvara, með skoti, hundi, í boga eða á annan hátt, fær hann 4 króna borgun úr sýslusjóði fyrir hvert dýr. En skottin afhendir hann á manntalsþingi og skal þeim eytt þar. Fyrir að vinna bitvarg má hlutaðeigandi hreppsnefnd heita hærri verðlaunum, og greiðist þá úr sveitarsjóði það, sem umfram er ofannefndar 4 krónur. Auk þess sem veiðimenn eru skyldir til að afhenda skottin af tóum þeim, er þeir beiðast verðlauna fyrir, samkvæmt 3. og 6. grein, verða þeir, ef þess er krafizt, að geta sannað það með vottum, að dýrin hafi verið unnin innan sýslu.

25. dag júlímán. 1893.

59
14. júlí.

7. gr. Sýslunefndin skal árlega útvega nægilegt eitur til útbytingar meðal hreppsnefndanna til þess að eitra með fyrir refi. Skulu hreppsnefndirnar annast um rækilega eitrun, hver í sínum hreppi, árlega, og gefa sýslunefndinni nákvæma skýrslu um eitrunina og árangur hennar.

8. gr. Missi maður yrðling, sem hann er að ala, skal hann sektast um 50 krónur fyrir hvern þeirra; fær uppljóstrarmaður helming sektarinnar, en hinn helmingurinn rennur í sveitarsjóð, þar sem yrðlingurinn sleppur. Það skal því engum hjer eptir líðast að ala yrðlinga, nema hann setji hlutaðeigandi hreppsnefnd veð fyrir sektinni eða fái ábyrgðarmann, sem hún tekur gildan. Vanræki nokkur að setja veð eða útvega sjer ábyrgðarmann, eru yrðlingar hans rjettdræpir og hann sekur, eins og þeir hefðu sloppið.

9. gr. Allan kostnað, er leiðir af refaeyðingu, samkvæmt reglum þessum, skal greiða úr hlutaðeigandi sveitarsjóði, að undanskildri borgun fyrir hlaupatour, sem talað er um í 6. gr. og kostnaði við að útvega eitur, samkvæmt 7. grein.

2. kafli.

Um fjármörk og markaskrár.

10. gr. Sjerhver fjáreigandi er skyldur til að hafa glögg mark á fje sínu og færa mark á aðfengnum kindum sem næst sínu marki, samt brenni-merkja þær, sem hyrndar eru, en festa spjald eða dulu með fangamarki í eyrun á kollóttu fje.

11. gr. Markaskrá fyrir sýsluna skal prenta að minnsta kosti 5. hvert ár, og skal hreppsnefndin í hverjum hreppi annast um að safna öllum eyrna-mörkum og brennimörkum í hreppnum, og setja þau saman eptir stafrofsröð í greinilega skrá. Skal í því skyni sjerhverjum fjáreiganda skylt, að skýra hlutaðeigandi hreppsnefnd greinilega frá eyrna- og brennimarki sínu. Skrárnar skulu þvínæst af hreppsnefndunum sendast sýslunefndinni, sem annast um, að aðalskrá sje samin yfir öll mörk sýslunnar og að þeim sje raðað eptir fastri reglu, er hún ákveður. Að því búnu skal senda hana hreppsnefndunum til endurskoðunar og samanburðar, áður hún sje prentuð.

3. kafli.

Um notkun upprekstrarlands.

12. gr. Hreppsnefndin í hverjum hreppi skal annast um, að þeir fjáreigendur, sem ekki hafa nægilegt upprekstrarland fyrir sig, fái upprekstur annarstaðar, þar sem fjalllendi er nægilegt í hreppnum, og skal hún því jafna fjenu niður í löndin að rjettri tiltölu. Er hver fjáreigandi skyldur til, að reka geldfje sitt á fjall, samkvæmt ráðstöfun hreppsnefndarinnar, nema hann hafi sjálfur útvegað sjer upprekstrarland í öðrum hreppi, en þá er hann skyldur til að tilkynna það landeiganda þeim, er honum bar upprekstur hjá, í síðasta lagi 10. maí, ella gjaldi hann honum upprekstartoll.

13. gr. Til þess að framkvæma ákvæði 12. gr. skal hver hreppsnefnd, þegar er reglugjörð þessi hefur öðlast gildi, semja reglur um notkun upprekstrar-

lands í hreppnum. Sá sem er óánægður með ákvæði hreppsnefndarinnar, getur skotið máli sínu til sýslunefndar, sem leggur endilegan úrskurð á málið. 59
14. júlí.

14. gr. Í þeim sveitum, sem að álitum hreppsnefndanna að eins hafa upprekstrarland fyrir fje sitt, skal öllum búendum bannað að taka fje til uppreksturs úr öðrum sveitum eða sýslum. Þó má landeigandi taka jafnmargt fje til uppreksturs og þeim bar að reka í land hans, er nota rjett þann, sem veittur er í 12. gr. til þess að fá upprekstur utansveitar.

15. gr. Allir hreppsþúar skulu sitja lömb sín heima eða í upprekstrarlandi að minnsta kosti 3 sólarhringa eptir að þeim er fært frá.

16. gr. Í upprekstrartoll greiðast 6 aurar fyrir hverja sauðkind, hvort heldur er lömb eða roskið, alls þess fjár, sem á fjall ber að reka, ef öðruvísi er eigi um samið. Upprekstrartollur skal greiddur fyrir lok októbermánaðar ár hvert.

4. kaffi.

Um fjallgöngur á haustum.

17. gr. Tvær skulu fjallgöngur á hausti. Fyrri leitardagur skal vera mánudagur í 22. viku sumars og skal rjetta sjálfan leitardaginn, nema í Melarjett, Skarðsrjett, Staðarrjett og Árnesrjett, þar sem rjetta skal að morgni þriðjudaginn næstan eptir.

Annar leitardagur skal vera næsti miðvikudagur þar á eptir, nema í Kaldrananeshreppi; þar skal annar leitardagur vera næsti fimmtudagur eptir fyrra leitardag.

Annar rjettardagur skal vera sjálfan leitardaginn.

Þegar hreppsnefndin álitur það nauðsynlegt, getur hún skipað fyrir að leita þriðju leit og ákveðið dag til þess.

18. gr. Sjerhver fjáreigandi, hvort sem hann notar það svæði, sem honum ber til uppreksturs eða eigi, skal skyldur undantekningarlaust að gjöra, full fjallskil í hrepp sínum eða í þess stað sækja fje í næstu rjettir, eptir því sem hreppsnefndin í hvert skipti nákvæmar skipar fyrir um í fjallskilaseðlinum.

Sá sem á 6 kindur eða fleiri á fjalli og er í sjálfsmennsku, er skyldur til að gjöra fjallskil, ef þess er krafizt.

19. gr. Hlutaðeigandi hreppsnefnd skal útnefna einn eða fleiri leitarstjóra í hreppnum, sem stjórni göngum leitaranna og annist um að allt fari vel og skipulega fram eptir því sem til hagar.

20. gr. Fjallafje það, sem á sumrum slangrar í kvífje manna, skal tafarlaust skilja úr og reka frá, svo það eigi verði kvífast.

21. gr. Í fjallleitum þeim, sem ákveðnar eru í 17. gr., skal öllu geldfje safnað til lögrjettar bæði úr heimalöndum og upprekstrarlöndum. Heimaleitir og sundurdráttur á bæjum skal bannaður, en þó skal hreppsnefnd hafa leyfi til að veita undanþágu frá þessu ákvæði, þar sem brýna nauðsyn ber til, sakir þess, hversu sjerstaklega hagar landi og afstöðu frá rjettarstöðum. En

59 rísi ágreiningur út af þessari undanþágu, skulu hlutaðeigendur hlýta úrskurði 14. júlí. sýslunefndar.

Geldfje það af öðrum bæjum, er kynni að vera saman við búsmalann leitardaginn, eru hlutaðeigendur skyldir til að skilja frá og koma því í fjallsafn eða til rjettar í tæka tíð.

22. gr. Leitarstjóri skal hlífðarlaust tilkynna hlutaðeigandi hreppsnefnd alla óhlýðni gegn fyrirskipunum sínum, en hreppsnefndin kærir slíkt til sekta, samt alla aðra skylduvarækt í tilliti til fjallskila.

5. kafli.

Um rjettahöld og meðferð á úrtinningsfje.

23. gr. Ein eða tvær skulu lögrjettir vera fyrir hvern hrepp á þeim stöðum, sem hjer greinir:

- Í Bæjarhreppi að Melum og Kollsá,
- Óspakseyrarhreppi að Snartartungu,
- Fellshreppi að Steinadal,
- Kirkjubólshreppi að Kirkjubóli,
- Hrófbergshreppi að Skeljavík og Stað,
- Kaldrananeshreppi að Skarði,
- Árneshreppi að Árnesi.

24. gr. Valdi bygging lögrjettar grasnámi eða jarðusla, skal, ef þess verður krafizt, koma fullt endurgjald af sveitarsjóði hlutaðeigandi hrepps eptir mati óvilhallra manna, sem rjetturinn útnefnir.

25. gr. Hreppsnefndin skal sjá um, að fjárrjettir sjeu í gildu standi og skulu dilkar svo rúmgóðir, að enginn þurfi út að hleypa fyrr en fjárdrætti er lokið.

Utanhreppsmenn skulu í þeim lögrjettum, þar sem þeir eiga von á töluverðum fjenaði, skyldir að blada upp hæfilega stóra dilka eptir nákvæmari fyrirsögn hlutaðeigandi hreppsnefndar.

Það er skylda hvers jarðarabúanda og fjáreiganda, sem er í sjálfsmennsku, að vinna að rjettarbyggingu eða aðgjörð, samkvæmt fyrirskipunum hreppsnefndarinnar.

26. gr. Oddviti hreppsnefndarinnar skal ávallt vera viðstaddur við rjettarhaldið eða annar, er hann til þess kveður, til þess að hafa umsjón með því, að allt fari vel og skipulega fram og eru því allir, sem vinna ber að rjettarhaldinu, skyldir til að hlýða fyrirskipunum þeirra.

27. gr. Rjettarstjóri skal skipa hæfa menn til þess að líta eptir því, svo vel sem unnt er, að fje ekki misdragist, svo sem með því að setja þá við dilksdyr, þar sem hættast er við misdrætti.

28. gr. Rjett er að hreppsnefndin ákveði í leitarseðlinum, ef hún álltur þess þörf, hversu marga menn hver fjáreigandi skuli leggja til í rjettina og má enginn, sem skyldur er að gegna rjettarstörfum, fara fyrri en sundurdrætti er lokið, nema rjettarstjóri leyfi.

Ef einhver fjáreigandi utan sveitar eða innan leggur svo illa til rjettarstarfa, að töf verði að, er rjettarstjóra heimilt að ráða menn upp á hans kostnað til þess að draga fje hans. 59
14. júlí.

29. gr. Enginn má marka kindur í lögrjettum, nema með samþykki rjettarstjóra og undir umsjón hans.

30. gr. Rjettarstjóri skal annast um, að ómerkingar sjeu dregnir í einn dilk jafnóðum og þeir finnast og skal áður en rjettarhaldinu er lokið, láta lambsmæður helga sjer dilka sína undir umsjón hans. Þeir ómerkingar, sem lambsmæður ekki helga sjer í fyrstu rjett, skulu geymdir í úrtíningi þangað til í annari rjett, en ómerkinga þá, sem enginn getur þá helgað sjer, skal rjettarbóndi eiga, sje ekki goldinn sjerstakur rjettartollur eptir samningi. Mýjetið fje skal allt selt í lögrjett og rennur andvirði þess í sveitarsjóð.

31. gr. Engum skal leyft að hleypa heimtu fje aptur á fjall fyrir síðustu fjalleitir.

32. gr. Skilarjettir skulu haldnar í hverjum hreppi þar og þá daga, er hjer greinir:

Í Bæjarhreppi, á Melum, fimmtudaginn í 24. viku sumars, og á Kollsa miðvikudaginn í 23. viku sumars;

- Óspakseyrarhreppi, í Snartartungu, laugardaginn í 24. viku sumars;
- Fellshreppi, í Steinadal, föstudaginn í 24. viku sumars;
- Kirkjubólshreppi, á Kirkjubóli, fimmtudaginn í 24. viku sumars;
- Hrófbergshreppi, á Hrófbergi, miðvikudaginn í 23. viku sumars;
- Kaldrananeshreppi, á Skarði, föstudaginn í 24. viku sumars;
- Árneshreppi, í Árnesi, fimmtudaginn í 24. viku sumars.

33. gr. Úrtíningur úr fyrstu og annari rjett skal forsvarlega geymdur hjá þeim, sem hreppsnefndin ákveður, þar til eigendur vitja hans og síðasti úrtíningur til skilarjettardags. Borgun fyrir gæzlu úrtínings er 4 aurar fyrir hverja kind um sólarhringinn, er greiðist, þegar kindin er athent, og er ekki skylt að sleppa óskilafje, nema gæzlukostnaður sje borgaður.

34. gr. Allt það utansveitarfje, sem kemur fyrir í hreppnum eptir leitir, en fyrir skilarjettardag, skal rekast bæ frá bæ þangað sem úrtíningur er geymdur og geymast ásamt honum. Sá sem sleppir rekstri eða fer óforsvaranlega með hann, sæti sektum og greiði auk þess skaðabætur, ef sannað verður, að kind hafi farizt fyrir vanrækslu hans.

35. gr. Uppboð á úrtíningsfje því, sem ekki spyrst upp í skilarjett eða ekki verður komið til eiganda, skal haldið að nómi sjálfan skilarjettardaginn.

36. gr. Nú koma utanhreppskindur fyrir í einhverri sveit eptir afstaðnar skilarjettir, og þekkja menn eigendur að þeim, skulu þær þá á kostnað eiganda geymdar í vörzlum hreppsnefndarinnar, sem annast um, að eigendunum verði við fyrsta tækifæri gjört aðvart um það. Hafi eigendur ekki leitt sig að kindum þessum á Marteinsmessu, skal selja þær við opinbert uppboð, sem áður sje auglýst almenningi í hreppnum með nægum fyrirvara.

59
14. júl.

Kindur þær, sem koma fyrir eptir skilarjettir og enginn þekkir eigendur að, skulu þegar seldar við opinbert uppboð, er birt sje á lögboðinn hátt í hreppnum.

37. gr. Lýsing á óskilafje því, er við uppboð er selt, og eigendur þekkjast eigi að, skal við lok hvers árs sendast oddvita sýslunefndarinnar, og skal hann sjá um, að lýsingar þessar sjeu auglýstar í dagblaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar eru birtar í. Hver sá, sem sannar eignarrjett sinn að hinu selda fje, fær andvirði þess að frá dregnum kostnaði, ef hann gefur sig fram fyrir næstu fardaga.

6. kafli.

Um ótamin hross.

38. gr. Skyldur skal hver maður að koma öllum sínum ótömdu hrossum á afrjett eða til fjalls svo snemma á vori hverju, sem hlutaðeigandi hreppsnefnd álltur óhætt og nauðsynlegt, og er engum heimilt að hafa hross þessi í heimahögum frá því þau eiga að rekast og til rjetta á hausti, nema hlutaðeigandi hreppsnefnd álíti ómögulegt að fá handa þeim fjalland fyrir sanngjarna borgun, ellegar að heimalandi tryppaeiganda sje svo varið, að hann geti öðrum skaðlaust haft þau heima.

39. gr. Brot gegn reglugjörð þessari varða 2 til 50 króna sektum, er allar renna í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið, að undanteknum þeim hluta sektarinnar, samkvæmt 8. gr., er uppljóstrarmanni er ákveðinn. Með mál, sem rísa út af brotum á reglugjörð þessari, skal farið sem opinber lögreglumál.

Framanrituð reglugjörð, sem sýslunefndin í Strandasýslu hefur samið, var staðfest og löggilt, samkvæmt lögum nr. 14, 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, af amtsráði Vesturamtsins á aðalfundi þess, dagana frá 13. til 15. júní þ. á, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. septbr. 1893.

Íslands Vesturamt, Reykjavík, 14. júlí 1893.

Kristján Jónsson

settur.

60

Reikningur

yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins árið 1892.

Tekjur:

	kr. a.
1. Eptirstöðvar við árslok 1891	935 69
2. Niðurjöfnun á lausafje í amtinu	2287 63
	Tekjur alls kr. 3223 32